

VALREGLUR FYRIR STÓRMÓT

ALPAGREINAR - 2024/2025

HM Saalbach, Austurríki - 04.-16. febrúar 2025

- Valið eftir 15. FIS lista sem kemur út 14.01.2025 og tekur með móti til og með 12.01.2025
- Aldur, 16 ára og eldri (f. 2008 og fyrr)
- Fjöldi, að hámarki 4 bestu af hvoru kyni í svigi og 4 bestu af hvoru kyni í stórvigi
- Lágmörk, keppendur þurfa að vera með undir 80 FIS-punktum í greininni sem þeir eru valdir til að keppa í
- Hafa skíðað allavega 50 daga áður en valið fer fram
- Allir keppendur sem fara á vegum SKÍ á stórmót í alpagreinum skulu taka þátt í Skíðamóti Íslands sem og FIS móti tengdu því
- Alpagreinanefnd og landsliðsþjálfari áskila sér rétt til breytinga vegna aðstæðna sem upp geta komið

EYOF – Bakuriani, Georgíu 09.-16. febrúar 2025

- Valið verður eftir 15. FIS lista sem kemur út 31.12.2024 og tekur með móti til og með 29.12.2024
- Aldur, 17-18 ára (f. 2007-2008)
- Fjöldi, að hámarki 4 bestu af hvoru kyni í svigi og stórvigi
- Lágmörk, keppendur þurfa að vera með undir 150 FIS-punktum í annarri greininni
- Alpagreinanefnd áskilur sér rétt til breytinga vegna aðstæðna sem upp geta komið

Tekið til greina við val á keppendum:

- Hafa fengið FIS punkta á tímabilinu 1. júlí 2024 – 29. desember 2024
- Frammistaða í móti aðdraganda valsins
- Ekki síst verður litið til dugnaðar, þrautseigju, áhuga, líkamlegs hreystis og hvort iðkandinn sé góður liðsmaður
- Æfingadagbók (öll sem verða valin þurfa að skila inn æfingadagbók)

Ef val stendur á milli tveggja iðkenda sem standa mjög jafnt þá verður einnig tekið mið af því hvort iðkandinn hafi mætt í verkefni í Hæfileikamótun hjá SKÍ.